

Leiðbeiningar um ábyrga notkun sýklalyfja við slefsýki í lömbum

Um sýklalyfjapól

Vaxandi þol baktería gegn sýklalyfjum er áhyggjuefni og varðar alla. Mesta hættu á myndun sýklalyfjapóls er með óábyrgri notkun sýklalyfja, of mikilli eða rangri notkun. Takmarka þarf notkun þeirra eins og kostur er, því öll notkun sýklalyfja getur valdið sýklalyfjapóli. Mikilvægt er að koma í veg fyrir ofnotkun eða ranga notkun sýklalyfja, bæði í mönnum og dýrum, því bakteríur með þol gegn sýklalyfjum geta borist milli manna, dýra og umhverfis. Þrátt fyrir að sýklalyf séu lítið notuð í dýrum héraendis er nauðsynlegt að endurskoða vinnubrögð í tengslum við notkun sýklalyfja, sérstaklega reglubundna notkun. Í þessum leiðbeiningum er sjónum beint að sýklalyfjagjöf á sauðburði og leiðbeiningar gefnar um ábyrga notkun sýklalyfja.

Sýklalyfjanotkun í sauðfjárbúskap

Í dag háttar svo til að einstök dýr eru verðlital í almennum sauðfjárbúskap, því er oft ekki hagstætt fyrir sauðfjárbónda að greiða fyrir dýrar rannsóknir eða meðhöndlun dýralæknis ef upp koma sjúkdómar. Samkvæmt löggjöf er dýralæknum óheimilt að ávísa eða afhenda lyf nema að undangenginni sjúkdómsgreiningu auk þess sem þeir verða sjálfir að hefja meðhöndlun með sýklalyfjum, en er svo heimilt að afhenda sýklalyf til framhaldsmeðhöndlunar. Á þessu er undantekning, dýralæknar geta fengið sérstaka undanþágu hjá yfirdýralækni, þannig að þeim verði heimilt að afhenda sýklalyf án þess að hefja meðhöndlunina. Yfirdýralæknir gefur eingöngu undanþáguna með því skilyrði að dýralæknirinn og viðkomandi bóndi geri með sér sérstakan samning, í þeim samningi er m.a. kveðið á um að viðkomandi bóndi skuli hafa samráð við dýralækninn áður en hann meðhöndlar með sýklalyfjum. Ábyrgðin hvílir því áfram á dýralækninum um ábyrga notkun sýklalyfja, hann leggur því allt sitt traust á að viðkomandi bóndi haldi við hann samninginn og sé í góðu sambandi við hann um notkun.

Mikilvægt er að dýralæknar ávísi og/ eða afhendi eins þröngvirk sýklalyf og kostur er. Einungis ætti að grípa til breiðvirkri sýklalyfja ef þröngvirk sýklalyf virka ekki og þá aðeins að undangenginni mælingu á næmi sýklanna nema þess sé ekki kostur. Mikilvægt er að fylgja leiðbeiningum um meðhöndlunartíma og skammtastærð, en auknar líkur eru á myndun sýklalyfjapóls í bakteríum ef of litlir skammtar eru gefnir í of stuttan tíma.

Ábyrg og markviss notkun sýklalyfja felur í sér að nota þau eingöngu í sjúk dýr og þá til að lækna. Í einstaka tilfellum gefur dýralæknir sýklalyf til að fyrirbyggja sýkingar, t.d. eftir skurðaðgerðir. Sýklalyf eru stöku sinnum gefin heilum hópi dýra þegar einstök dýr hafa greinst með smitandi sjúkdóm og hættu er á að önnur dýr geti smitast. Slík notkun kallast á ensku „metaphylactic use“ en takmarka skal slíka notkun eins og kostur er og þá eingöngu þegar sjúkdómur hefur verið staðfestur.

Þekkt er að sýklalyf séu notuð fyrirbyggjandi gegn slefsýki í öll nýfædd lömb ár hvert, með því að gefa svokallaðar „lambatöflur“. Nauðsynlegt er að snúa þeirri þróun við og stefna að því að leggja af fyrirbyggjandi notkun sýklalyfja. Þess í stað ætti að einbeita sér að aðgerðum sem minnka líkur á að smit berist í nýfædd lömb og aðeins gefa þeim sýklalyf eftir að sjúkdómsgreining liggur fyrir í hópnum það vorið (metaphylactic use). Þessu er gerð nánari skil hér að neðan. Fyrirbyggjandi notkun sýklalyfja felur í sér hættu á auknu sýklalyfjapóli eins og að ofan er rakið, því ofnotkun og röng notkun á sýklalyfjum eykur líkur á myndun póls hjá bakteríum. Aðeins næst að draga úr útbreiddri notkun lambataflna í nýfædd lömb hér á landi með sameiginlegu átaki dýralækna og sauðfjárbænda. Stefna ætti að því að nota sýklalyf sem minnst og eingöngu þegar nauðsynlegt er, og þegar fyrirbyggjandi aðgerðir hafa ekki borið árangur. Þess vegna er hér sérstaklega fjallað um slefsýki í lömbum og

meðhöndlun sjúkdómsins, með sérstaka áherslu á aðgerðir til að fyrirbyggja að smit berist í nýfædd lömb.

Slefsýki í lömbum

Slefsýki er sjúkdómur í meltingarfærum lamba á fyrstu lífdögum þeirra. Sjúkdómurinn er algengari á sauðfjárbúum þar sem þéttleiki er mikill á sauðburði og þar af leiðandi aukið smitálag. Allt að þriðjungur lamba getur veikst, og dánartíðni hjá þeim sem veikjast er mjög há. Sjúkdómurinn kallast á ensku „watery mouth“. Heitið kemur til vegna þess að veik lömb verða slöpp og hætta að sjúga og kyngja, og slefa þess vegna áberandi. Veik lömb eru oft uppþembd og kviðmikil sem getur gefið falsa vísbendingu um að þau séu södd, en þegar þau eru tekin upp og hrist varlega heyrst dæmigert hljóð úr gas- og vökvafylltri vinstur, enda sjúkdómurinn stundum kallaður „rattle belly“ á ensku.

Sjúkdómurinn kemur fyrst og fremst til vegna þess að lömbin fá ekki nógu snemma broddmjólk og/eða ekki í nægilegu magni. Þess vegna er sjúkdómurinn algengari í lömbum undan gemlingum, í tví- og þrílembingum og í lömbum undan þunnum eða annars lélegum ám sem mjólka lítið. Sjúkdómurinn tengist meira fjárbúum með mikinn þéttleika og við sauðburð innanhúss og/eða þröngum girðingum, sem eykur smithættu. Yfirleitt veikjast lömbin fyrstu 12 til 72 klukkustundir lífs síns. Meðhöndlun ber lítinn árangur, þess vegna eru fyrirbyggjandi aðgerðir mikilvægar.

Lömbin smitast þegar þau sjúga óhreina spena og eru haldin á óhreinum undirburði og þannig berast gram neikvæðar bakteríur í gegnum munn, einkum *E. coli*. Við skort á mótefnum í meltingarfærum, sem lömb fá í ríkum mæli í gegnum broddmjólk, geta bakteríurnar lifað af og fjölgað sér mjög hratt í meltingarfærunum. Bakteríurnar losa eitrefni, svokölluð inneitur (e. endotoxin), sem berast út í blóðið og valda þá dæmigerðum einkennum slefsýki. Lömbin verða köld, dauf, hengja haus og eyru lafa, þau hætta að sjúga og kviðurinn getur þembst upp. Þau geta slefað mikið. Sum eru með niðurgang, önnur með eðlilegan saur eða enginn saur kemur frá þeim vegna þess að meltingarfærin eru hætt að starfa. Lömbin deyja venjulega innan við sólahring eftir að einkenni koma fram.

Sjúkdómsgreining byggist oftast á einkennum, sögu um sjúkdóminn á búinu og einkennum sem koma í ljós við krufningu, svo sem bólgur í meltingarfærum, vökva og þembu í vinstur og aðrar breytingar tengdar eitrefnum í blóði. Mismunagreiningar (aðrir sjúkdómar með svipuð einkennum) geta verið liðabólgur, naflabólgur, svelti (fara ekki á spena) og sýkingar í meltingarfærum.

Fyrirbyggjandi aðgerðir

Mikilvægasta er að tryggja að lömbin fái nægjanlegan brodd eins snemma og hægt er, sem er almenn forvörn gegn sýkingum í nýfæddum lömbum. Þau þurfa að fá brodd innan tveggja klukkustunda eftir burð. Ærnar þurfa að vera vel fóðraðar svo þær gefi mikinn brodd. Broddur inniheldur nauðsynleg mótefni gegn bakteríum á sérhverju búí fyrir sig. Bætiefni sem gjarnan eru gefin nýfæddum lömbum hafa ekki sömu ónæmisverndandi áhrif og broddur og koma því aldrei í staðinn fyrir hann. Lömbum þarf að líði vel því þannig drekka þau betur, því ætti ekki að marka lömb á fyrsta sólahring. Ekki eru til bóluefni gegn sjúkdómnum.

Burðarstíur, ærnar sjálfar og öll tæki og tól þurfa að vera eins hrein og hægt er til að koma í veg fyrir að sjúkdómsvaldandi bakteríur berist í nýfædd lömb. Handþvottur er mikilvægur og skal handþvotta aðstaða vera til staðar. Halda skal undirlagi þurru og hreinu og reglulega skal skipt um undirburð. Lélegur húsakostur, þrengsli og raki auka smitálag og því skal tryggja gott rými og góða loftræstingu í fjárhúsum. Þetta er sérstaklega mikilvægt þegar veðurfar er ekki hagstætt með mikilli vætutíð eða stórviðri en þá getur raki aukist í húsum og erfiðara er að setja féð út. Mikilvægt er að rýmka á húsum jafnóðum ef árferði leyfir til að draga úr þrengslum og smitálagi sem af þeim leiðir.

Einnig ætti að hafa í huga hvort hægt sé að láta ærnar bera úti, svo sem í lok sauðburðar, ef smítalagið er orðið mikið innandyra og sérstaklega ef farið er að bera á slefsýki í lömbum.

Meðhöndlun

Nauðsynlegt er að meðhöndla veik lömb sem allra fyrst, en batahorfur minnka um leið og einkenni eins og slef koma fram. Hafa skal samband við dýralækni búans þegar sjúkdómsins verður vart til að fá ráðleggingar og leiðbeiningar um meðhöndlun. Eins og kom fram hér að ofan þá er mælt til þess að nýfæddum lömbum sé aðeins gefin sýklalyf eftir að slefsýki hefur komið upp í hópnum (metaphylactic use).